



VOOT
VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1082. tbl - 23. árg. 28. september 2023



Réttir sunnan heiðar



Réttað var í Grafarrétt í Breiðuvík og Ölkeldurétt og Bláfeldararétt í Staðarsveit síðastliðinn laugardag, þann 23. september. Um þessar mundir gengur allt út á sauðfé hjá sauðfjárbændum og í haustveðrinu myndast skemmtileg stemning þegar smala-

mennska og réttir eru annars vegar. Eftir réttirnar var meðal annars boðið í árlegt réttarkaffi á Álftavatni. Ungir sem aldrei njóta fjárragsins og bíða spennir eftir þessum árstíma. Meðfylgjandi myndir eru teknar við Ölkeldurétt í Staðarsveit.

SJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC www.msc.org

Tékkkaðu á brjóstunum
Is it time for your regular breast screening?
Czy nadszedł czas na mammografię?

Bókaðu tíma/Schedule appointment 513 6700 (8:30-12:00)

Hrútasýning veturgamalla í Tungu

Hrútasýning veturgamalla hrúta fór fram í Tungu föstudaginn 22. september. 18 hrútar mættu til keppni og kepptu tveir kollóttir hvítir, níu mislitir hrútar og sjö hvítir hyrndir. Þeir Jónmundur Magnús Guðmundsson og Logi Sigurðsson sáu um dómgæslu á sýningunni. Þá var að venju boðið upp á glæsilegar veitingar en aðstandendur sýningarinnar sáu í sameiningu til þess að enginn færi svangur heim. Eftir að hrútarnir höfðu verið taldir inn og vigtaðir var valið í efstu sætin í hverjum flokki. Fyrstu verðlaun fyrir besta mislita hrútinn hlaut Bylur frá Kristni Jónasyni, í öðru sæti var Mósi frá Ólafi Helgasyni og misliti hrúturinn í þriðja sæti var Tígull frá Herdís Leifsdóttur og Emil Frey Emilsyni. Besti kollótti hrúturinn var Ás sem kemur einnig frá Herdís og Emil og í öðru sæti var Bliki



frá Gunnari H Ingvasyni. Fyrsta sæti hvítu hyrndu hrútanna hlaut 22-395 í eigu Friðgeirs Karlsson-

ar, annað sætið átti Klaki frá Herdís og Emil og í þriðja sæti var hrútur frá Jóni Bjarna og Önnu Dóru á Bergi sem heitir Bárður. Meðfylgjandi er mynd af vinningshöfunum í öllum flokkum, Krist-

inn með besta mislita hrútinn, Embla Marína og Emil Freyr með besta kollóttu hrútinn og Friðgeir með besta hvíta hyrnda hrútinn, Herdís Leifsdóttir tók myndina.

SJ



Blóðbankabíllinn á Snæfellsnesi

Þriðjud. 3. október Grundarfjörður við Kjörbúðina kl. 12:00-17:00

miðvikud. 4. Október Stykkishólmur við Íþróttamiðstöðina kl. 8:30-12:00

miðvikud. 4. október Ólafsvík við Sjoppuna kl. 14:30-18:00

*Blóðgjöf
er lífsgjöf*

Heilsuvika Snæfellsbæjar í fullum gangi



Heilsudagar Snæfellsbæjar hófust laugardaginn 23. september síðastliðinn og mun standa yfir í viku. Þá gerir Snæfellsbær heilsu hátt undir höfðu í tilefni af íþróttaviku Evrópu. Lagt er áherslu á að bjóða íbúum upp á heilsutengda viðburði sem henta öllum aldri, fróðlega fyrirlestra um líf og heilsu og fyrir- tæki á svæðinu bjóða upp á til- boð og kynningar á heilsutengd- um vörum. Heilsuvika Snæfells- bæjar er haldin í sjöunda skiptið í ár og er þetta tækifæri aðallega nýtt til að kynna þá heilsutengdu afþreyingu og viðburði sem eru nú þegar í boði í Snæfellsbæ. Til

viðbótar við það sem nú þegar er í boði kemur Þorgrímur Þráins- son með fyrirlestur fyrir foreldra og ungmenni, Erla Björnsdóttir með fyrirlestur um betri svefn og Arnar Hafsteinnsson með fyrirlestur um vöðvavernd. Frítt er á alla fyrirlestra og íbúar hvattir til þátttöku á heilsudögnum. Allir ættu að geta fundið sér eitthvað við hæfi eða sem vekur áhuga en auk þess er hægt að skella sér í sund, stunda úti- vist eða aðra hreyfingu. Nánari dagskrá heilsudaga Snæfellsbæ- jar má finna í blaðinu.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

UMF Reynir í Svíþjóð

Lið ungmennafélagsins Reynis er nú stutt í Svíþjóð ásamt föruneyti. Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Nordisk Panorama fer fram þessa dagana í Malmö og er heimildamyndin Heimaleikurinn tilnefnd til verðlauna sem besta norræna heimildamyndin. 15 heimildamyndir voru tilnefndar og verða þær allar sýndar á hátíðinni. Síðastliðinn laugardag var Heimaleikurinn sýnd í kvikmyndahúsinu Cinema Panora. Davíð Svanur Hafþórsson og

Hjörtur Sigurðsson, leikmenn Reynis, röppuðu fyrir gesti áður en sýningin byrjaði en þeir félagar sigruðu rímnaflæði árið 2019. Á sýningu lokinni gengu áhorfendur á fótboltavöll sem er í nálægð við kvikmyndahúsið þar sem UMF Reynir og liðið Lokomotiv Wörldshuset spiluðu fótboltaleik. Lokomotiv Wörldshuset er áhugamannalið frá Malmö. UMF Reynir stóð uppi sem sigurvegari eftir margra marka leik og fengu bikar sem teikn-



aður var á pappa í verðlaun. Miðvikudaginn 27. september klukkan 20:00 á sænskum tíma kemur í ljós hvaða heimildamynd vinnur titilinn „besta norræna heimildamyndin“ en sigurverarinn fær 11.000 evru verðlaunafé sem eru rúmar 1,6 milljónir króna.

JJ

Bókasafn í 100 ár!

Bókasafnið og Grundarfjarðarbær ætlum að gera okkur dagamun og bjóðum í afmælisfagnað kl. 18:00 á fimmtudaginn, 28. september á Grundargötu 35, Sögumiðstöðinni.

Þið eruð velkomin að koma eftir hádegi á miðvikudegi og fimmtudegi og taka forskot á sýningu á ýmsum gripum og gögnum og sjá glærusýningu um bókasafnið í 100 ár.

Bestu kveðjur, Sunna.



JJ

Súpusamvera

Fjölskylduvæn helgistund á Ingjaldshóli

Miðvikudaginn 27. september kl. 18:00

Við ætlum svo að borða saman súpu eftir stundina




Velkomin öll og alltaf

Nýsköpun í vestri

Föstudaginn 29. september verður frumkvöðla- og fyrirtækjamótið Nýsköpun í vestri haldið í Hjálmakletti í Borgarnesi. Er mótið opið öllum sem hafa áhuga á nýsköpun og frumkvöðulsstarfi, umhverfismálum og sjálfbærni.

Þátttaka er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig svo að það sé hægt að áætla veitingar. Markmið mótsins er að tengja fólk saman, stuðla að nýjum verkefnum og styðja við verðmætasköpun á svæðinu. Dagskráin sam-

anstendur af fræðslu, vinnustofum, reynslusögum og tengslamyndun. Munu þátttakendur þróa og vinna með hugmyndir, læra af reyndum frumkvöðlum og kynnast nýju fólki. Á mótinu verða atvinnu- og nýsköpunarstærkjum úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands úthlutað. Nýsköpun í vestri er samstarfsverkefni Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Gleipnis, nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi og Nývest og er styrkt af Sóknaráætlun Vesturlands. Skráning fer fram á vefsíðunni www.ssv.is.

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

JJ



Snæfellsbær gerir heilsu hátt undir höfði dagana 23. - 30. september og heldur heilsudaga Snæfellsbæjar í sjöunda skipti og þriðja skipti sem hluta af ÍSÍ íþróttaviku Evrópu.

Á heilsudögum er lögð áhersla á að bjóða íbúum upp á heilsutengda viðburði og kynningar sem henta öllum aldri. Fyrst og fremst er þetta kynning á þeim heilsutengdu viðburðum sem eru nú þegar í boði í Snæfellsbæ og ættu flestir að geta fundið viðburð við hæfi eða vekur áhuga.

Íbúar eru hvattir til að mæta á viðburði, skella sér í sund, stunda útivist eða aðra hreyfingu og anda að sér fersku lofti í okkar fallega sveitarfélagi.

Ath. Frítt er á fyrirlestra.

Frítt í sund
alla vikuna

Heilsudagar Snæfellsbæjar

Laugardagur 23. september

- 10:00 - 19:00 Knattspyrnumaræðing Snæfellsnessamstarfssins
- 10:30 - 11:30 Crossfit **CF SNB**
- 10:45 - 11:45 Spinning **Sólarsport**

Sunnudagur 24. september

- 11:00 - 11:45 Fjölskyldutími í Crossfit **CF SNB**
- 13:00 - 16:00 Snæfellsjökulsþjóðgarður býður til hressandi göngu um Búðahraun.

Mánudagur 25. september

- 06:00 - 07:00 Crossfit **CF SNB**
- 09:30 - 10:30 Jóga (lokað námskeið) **CF SNB**
- 10:30 - 11:20 Eldrafitt **CF SNB**
- 10:50 - 12:00 Tími fyrir eldri borgara **Íþróttahús Snæfellsbæjar**
- 12:05 - 12:50 Crossfit **CF SNB**
- 13:00 - 14:00 Frír prufutími og kynning í sal **Sólarsport**
- 14:10 - 15:10 Handbolti 2.-4. bekkur **Þjálfari frá HSÍ á svæðinu**
- 15:10 - 16:10 Handbolti 5.-10. bekkur **Þjálfari frá HSÍ á svæðinu**
- 16:10 - 17:10 Knattspyrna 6 fl. KK & KVK
- 16:30 - 17:15 KonuFit námskeið **CF SNB**
- 17:00 - 18:00 Spinning **Sólarsport**
- 17:10 - 18:10 Knattspyrna 5 fl. KK / Knattspyrna 4 fl. KVK
- 17:15 - 18:15 Crossfit **CF SNB**
- 18:10 - 19:10 Dívurnar: Sundleikfimi á vegum Bryndísar
- 18:10 - 19:10 Knattspyrna 3 fl. KK og KVK
- 18:30 - 20:30 Rafíþróttir 5.-7. bekkur
- 20:00 - 20:45 KarlaFit námskeið **CF SNB**

Þriðjudagur 26. september

- 06:00 - 07:00 Crossfit **CF SNB**
- 10:10 - 11:10 Sundleikfimi Eldri borgara – Suad Begic
- 11:00 - 12:00 MömmuFit **CF SNB**
- 12:05 - 12:50 Crossfit **CF SNB**
- 14:10 - 15:10 Sundleikfimi fyrir einstaklinga sem eru með fötlun
- 14:10 - 15:10 Knattspyrna 7. & 6 fl. KK
- 15:10 - 15:50 Frjálsar 4.-7. bekkur
- 16:10 - 17:10 Knattspyrna 5 fl. KK & KVK / Sund 2.-10. bekkur
- 16:30 - 17:15 KonuFit námskeið **CF SNB**
- 17:10 - 18:10 Knattspyrna 4 fl. KK & KVK
- 17:15 - 18:15 Crossfit, **CF SNB**
- 18:10 - 19:10 3 fl. KK & KVK
- 19:30 - 20:30 PÍLURNAR: Kíló (fyrir stelpur/konur 18+ ára)

Ýmislegt

- | | |
|--|---------------------------------------|
| Frisbíggólf í Ólafsvík og Hellissandi | Þjóðgarðurinn býður uppá göngur |
| Frítt í CF SNB | Sólarsport Líkamsrækt: |
| 06:00 - 21:30 mánudaga til föstudaga | 06:30 - 21:00 mánudaga til föstudaga |
| 06:00 - 19:00 laugardaga | 10:00 - 19:00 laugardaga |
| 06:00 - 15:00 sunnudaga | Lokað sunnudaga |
| Smiðjan hefur til sölu fjölnotapoka, ávaxtapoka og íþróttapoka | Tilboð hjá fyrirtækjum sem taka þátt. |

Fyrirtæki sem taka þátt á heilsudögum:

Þín Verslun, VOOT, Apótek Vesturlands, Hárgreiðslustofa Gunnhildar Pastel hárstofa, Sólarsport, **CF SNB**, Hraðbúð Hellissands, Útgerðin, SKER Restaurant og Snýrtistofan Glóey



Miðvikudagur 27. september

- 06:00 - 07:00 Crossfit [CF SNB](#)
- 09:30 - 10:30 Jóga (lokað námskeið) [CF SNB](#)
- 10:30 - 11:20 EldraFit [CF SNB](#)
- 10:50 - 12:00 Tími fyrir eldri borgara Íþróttahús Snæfellsbæjar
- 12:05 - 12:50 Crossfit [CF SNB](#)
- 13:00 - 14:00 Frír prufutími og kynning í sal [Sólarsport](#)
- 14:10 - 15:10 Handbolti 2.-4. bekkur
- 15:10 - 16:10 Handbolti 5.-10. bekkur
- 16:10 - 17:10 Knattspyrna 4 fl. KK og KVK
- 16:10 - 17:10 Boccia fyrir einstaklinga sem eru með fötlun
- 16:10 - 17:10 Sund 5.-10. bekkur
- 17:00 - 18:00 Spinning [Sólarsport](#)
- 17:10 - 18:10 Knattspyrna 3 fl. KK & KVK
- 17:15 - 18:15 Crossfit [CF SNB](#)

17:30 - 18:30 Fyrirlestur fyrir foreldra og ungmenni

Porgrímur Þráinsson
Grunnskóli Snæfellsbæjar

- 18:10 - 19:10 Dívurnar: Sundleikfimi á vegum Bryndísar
- 18:30 - 20:30 Rafíþróttir 8.-10. bekkur
- 19:30 - 20:30 Dans fyrir fullorðna með Jóni Pétri [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)
- 20:00 - 20:50 KarlaFit námskeið [CF SNB](#)

Fimmtudagur 28. september

- 06:00 - 07:00 Crossfit [CF SNB](#)
- 10:10 - 11:10 Sundleikfimi Eldri borgara – Suad Begic
- 11:00 - 12:00 MömmuFit [CF SNB](#)
- 12:05 - 12:50 Crossfit [CF SNB](#)
- 15:10 - 15:50 Frjálssar 1.-3. Bekkur
- 16:10 - 17:10 Knattspyrna 7 & 6 fl. KK & KVK / Sund 5.-10. bekkur
- 16:30 - 17:15 KonuFit námskeið [CF SNB](#)
- 17:10 - 18:10 Knattspyrna 5 fl. KK & KVK / Sund 2.-4. bekkur
- 17:15 - 18:15 Crossfit [CF SNB](#)
- 18:10 - 19:10 Knattspyrna 4 fl. KK & KVK / Knattspyrna 3 fl. KK & KVK
- 19:30 - 20:30 Opinn tími í Badminton í [Íþróttahúsinu](#)

20:00 - 21:00 Opinn fyrirlestur um betri svefn

Dr. Erla Björnsdóttir
Íþróttahús Snæfellsbæjar

Föstudagur 29. september

- 06:00 - 07:00 Crossfit [CF SNB](#)

10:00 - 11:00 Fræðandi fyrirlestur um vöðvavernd

Arnar Hafsteinsson
Íþróttahús Snæfellsbæjar

- 12:05 - 12:50 Crossfit [CF SNB](#)
- 14:20 - 14:55 Byrjendabolti
- 15:05 - 15:45 Íþróttaskólinn

Laugardagur 30. september

- 10:00 - 12:00 Blak fyrir konur (18+) [Íþróttahús Snæfellsbæjar](#)
Karl Sigurðsson (fyrrum þjálfari Hauka, HK og landsliðsins í strandblaki), fer yfir grunnatriði og kennslu í blaki.
Kostar 2000 krónur.
- 10:30 - 11:30 Crossfit [CF SNB](#)
- 10:45 - 11:45 Spinning [Sólarsport](#)

Leikskóli Snæfellsbæjar

Hugarfrelsisjóga upp í Tröð
Leikur að læra þrautabraut úti
Göngutúrar um bæinn og ávaxtahressing í Sjómannagarði
Hugarfrelsisstund úti í náttúrunni
Danskennsla Jóns Péturs
Kynnast nýjum ávöxtum
Halda áfram að bjóða upp á hollan og góðan mat
Náttúrubingó leikskólabarna

Grunnskóli Snæfellsbæjar

Boðið verður upp á glímu þar sem glímusamband Íslands kemur þriðjudaginn 27. september
Danskennsla Jóns Péturs á miðvikudag og sýning fimmtudaginn 28. september
Halda áfram að bjóða upp á hollan og góðan mat í skólanum

Dvalarheimilið Jaðar

Jóhanna Jóhannesdóttir sér um hreyfingu 2x í viku
Gönguferðir
Grænmeti og ávextir á boðstólnum líkt og venja er

Senn auglýst eftir arftaka sr. Aðalsteins

Séra Aðalsteinn Þorvaldsson hefur látið af störfum í Setbergsprestakalli en hann hefur þjónað þar síðan 2008. Kveðjumessa Séra Aðalsteins var þann 3. september síðastliðinn en hann þjónar nú í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Séra Ægir Örn Sveinsson, sóknarprestur í Ólafsvík- og Ingjaldshólsprestakalli mun leysa af í Setbergsprestakalli þar til ráðið hefur verið í prestsstöðuna en fyrsta messa hans í Grundarfjarðarkirkju var sunnudaginn 24. september. Það er ekki nýtt af nálinni að íbúar Snæfellsbæjar og Grundarfjarðarbæjar deili presti en Séra Aðalsteinn sá um bæði prestaköllin á meðan unnið var að ráðningu



Séra Ægis.

Ekki hefur verið auglýst starf prests í Setbergsprestakalli ennþá en samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu verður auglýst í starfið á næstu vikum og mun ráðningin taka gildi 1. febrúar

2024.

Meðfylgjandi mynd tók Pétur Steinar Jóhannsson í kaffisamsæti

eftir kveðjumessu sr. Aðalsteins í Grundarfirði.

SJ

Fulltrúar Snæfellsness á Farsældarþingi



Þann 4. september síðastliðinn boðaði mennta- og barnamálaráðherra til fyrsta Farsældarþings. Um 800 manns mættu í Hörpu á þingið auk 200 manns sem tóku þátt á streymi. Snæfellsnes átti sex fulltrúa í Hörpunni sem tóku þátt í þinginu en þar fór fram víðtækt samtal þjónustuveitenda, barna, foreldra og stjórnvalda um farsæld barna. Farsældarögin tóku gildi 1. janúar 2022 og meginmarkmið þeirra er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana og að unnt sé að bregðast fyrir við tilteknum aðstæðum eða erfiðleikum í lífi barns með víðeigandi stuðningi þegar þörf þykir. Niðurstöður þingsins 4. september eru mikilvægar við stefnumótun og áætlanagerð við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu

í þágu farsældar barna. Næsti liður stefnumótunar í málefnum barna felur svo í sér að sveitarfélög skipa svæðisbundin farsældarráð sem er vettvangur fyrir svæðisbundið samráð um farsæld barna. Þar eiga sæti fulltrúar svæðisbundinna þjónustuveitenda á vegum ríkis og sveitarfélaga. Svæðisbundin farsældarráð vinna áætlun um forgangsröðun aðgerða um farsæld barna til fjögurra ára sem tekur mið af þingsályktun um stefnu um farsæld barna, framkvæmdaáætlun ríkisins og niðurstöðum Farsældarþings. Meðfylgjandi mynd er af flottum fulltrúum af Snæfellsnesi en það voru þau Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Berglind Elva Tryggvadóttir, Garðar Svansson, Ingveldur Eypórsdóttir og Kristfríður Rós Stefánsdóttir sem sóttu þingið.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Rafræn skoðanakönnun um húsnæðismál



Á vefsíðu Snæfellsbæjar er skoðunarkönnun í gangi sem ætlað er að kanna þörf fyrir húsnæði eldri borgara í Snæfellsbæ. Í könnuninni er spurt í útstaðsetningu og gerð húsnæðis sem einstaklingar úr þessum hópi óska eftir. Öldungaráð Snæfellsbæjar hvatti bæjarstjórn til að framkvæma þessa könnun sem

var samþykkt á síðasta bæjarstjórnarfundi en hún mun auðvelda ákvarðanatöku bæjarstjórnar í þessum málaflokki í framtíðinni. Skoðunarkönnunina má finna á vefsíðunni www.snb.is og eru allir 60 ára og eldri hvattir til að taka þátt.

JJ

Lokahóf mfl. Víkings

Eftir að leikmenn Víkings spiluðu lokaleik sumarsins föstudaginn 15. september síðastliðinn með sigri gegn KV hittu st þeir ásamt þjálfurum og aðstandendum liðsins á lokahófi á laugardagskvöldið. Fór lokahófið fram í Klifi þar sem gert var upp sumarið og gleðin var við völd. Að vanda voru verðlaun veitt fyrir hæðstu markatöluna, efnilegasta leikmanninn og leikmann ársins og leikmenn heiðraðir. Í

ár var það Björn Axel Guðjónsson sem var markahæstur, Asmer Begic var valinn efnilegasti leikmaður liðsins þetta sumarið og Luke Williams er leikmaður ársins 2023. Þá var Brynjar Vilhjálmsson heiðraður fyrir að hafa spilað 100 leiki fyrir Víking. Líkt og kemur fram í blaðinu hefur liðið átt gott sumar með nokkrum hikstum og því gefið tilefni til að fagna.

SJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Orðaskak til grunnskóla Snæfellsbæjar



Grunnskóli Snæfellsbæjar fékk á dögunum gjöf frá Hallgrími Axelsyni, smiði og verkfræðing. Hallgrímur hefur unnið við viðhald á þaki starfsstöðvar grunnskólans á Hellissandi og kom hann færandi hendi einn daginn með eintök af spili sem hann samdi. Spilið heitir Orðaskak og gengur út á að mynda orð og safna þeim. Takmarkið er að safna saman 6 orðum og sá sem nær því fyrst vinnur spilið. Spilið er ætlað 10 ára og eldri og mun þessi gjöf frá Hallgrími koma sér vel í skólunum. Skólinn tekur nú þátt í þró-

unarverkefni sem nefnist Orð af orði eða Orðaforði sem er kennslufræði sem hefur þann tilgang að efla læsi og námsárangur barna og ungmenna. Lögd er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvisst aðferðir við að sundurgreina námsefni og orð, greina merkingu og inntak, tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Spilið Orðaskak mun því nýtast vel í íslenskukennslu og þróunarverkefninu Orð af orði.

SJ

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrir.

Upplýsingar um auglýsingaverð
á www.steinprent.is

VERSLUNIN VOOT ER NÝR UMBOÐSAÐILI ORMSSON

Við bjóðum **15-20% afslátt** dagana 26. september - 5. október af öllum Ormsson vörum sem keyptar eru í gegnum Voot. Hægt er að sjá sýnishorn af Ormsson vörum í verslun Voot í Ólafsvík.

Voot hóf göngu sína á því að þjónusta sjávarútveg en hefur fært út kvíarnar og sinnir nú fjölbreyttum hópi viðskiptavina til sjávar og sveita – hér á landi og erlendis.

Starfsmenn leggja mikla áherslu á að veita viðskiptavinum vandaða ráðgjöf og góða þjónustu. Liður í því er að aðstoða viðskiptavini við að meta hver þörf þeirra er hverju sinni og afhenda vörur hratt og örugglega.

AEG ÞVOTTAVÉLAR



SAMSUNG THE
FRAME SJÓNVÖRP



Skarfagarðar 4, 104, Reykjavík
Norðurtangi 1, 600, Akureyri
Ólafsbraut 19, 355, Ólafsvík

ORMSSON